

ranglega fé út af landsmanni sínum, en ómerking ummæla þessara í aukaréttardóminum stendur óröskuð. Það þykir rétt að stefndi greiði áfryjanda í málskostnað fyrir báðum dómum 50 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Stefán Th. Jónsson kaupmaður greiði áfryjanda, hlutafélaginu C. Mollerups Maskinfabrik í Kaupmannahöfn 816 kr. 25. a. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi 18. marz 1907 til borgunardags og 50 kr. í málskostnað. Um ómerking ummæla í varnarskjölum stefnda fyrir aukaréttinum á aukaréttardómurinn að vera óraskaður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaðför.

Nr. 39/1908:

Sigfús Pétursson

gegn

skiftaráðandanum í Húnavatnssýslu  
fyrir hönd dánarbús Ólafs  
Ólafssonar frá Háagerði.

D ó m u r :

Áfryjandinn Sigfús bóndi Pétursson á Torfastöðum höfðaði mál þetta fyrir gestarétti Húnavatnssýslu gegn Ólafi bónda Ólafssyni í Háagerði, sem síðar er látinn,

til greiðslu á 1000 kr. skaðabótum fyrir halla, er áfrýjandi tjáist hafa beðið við uppboð á lifandi peningi, honum tilheyrandi, er haldið var 29. maí 1900 eftir kröfu nefnds Ólafs; á hinn bóginn höfðaði Ólafur Ólafsson gagnsök fyrir gestaréttinum gegn áfrýjanda, og krafðist af honum landskuldar og leigna eftir jörðina Steiná fardagaárið 1899—1900 161 kr. 72 a. og skaðabóta fyrir niðurniðslu á nefndri jörð 1500 kr., hvorttveggja með 5% vöxtum frá stefnudegi. Málum þessum var ráðið til lykta með dómi gestaréttarins, uppkveðnum 7. desbr. 1907, þannig, að kröfu áfrýjanda í aðalmálinu var hrundið og að hann í gagnmálinu var dæmdur til að greiða landskuldar og leiguupphæðina eftir Steiná, 161 kr. 72 a.; aftur á móti var hann sýknaður fyrir skaðabótakröfunni út af niðurniðslu á nefndri jörð. Nokkur ummæli í varnarskjölum gagnstefnda (áfrýjanda) voru dæmd dauð og ómerk, og málskostnaður var látinn falla niður.

Þessum dómi hefir Sigfús Pétursson skotið til yfir dómsins með stefnu útgefinni 8. ágúst þ. á., og stefnt skiftaráðanda Húnavatnssýslu fyrir hönd dánarbús Ólafs Ólafssonar, og hefir áfrýjandi gjört þær réttarkröfur, að dómnum verði breytt á þá leið, að stefndi verði dæmdur til að greiða 1000 kr. skaðabætur, eða aðra eftir óvilhallra manna mati hæfilega upphæð fyrir tjón það, er hann beið við uppboðið 29. maí 1900, með 6% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, að áfrýjandi verði algerlega sýknaður af kröfum gagnstefnda í héraði, og að honum, áfrýjanda, verði tildæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum, hvernig sem málið fer. Af sinni hálfu hefir stefndi krafist þess, að gestaréttardómurinn verði

staðfestur og að honum verði tildæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Í máli milli áfrýjanda og Ólafs heitins Ólafssonar út af kaupum á jörðinni Steiná, er rekið var fyrir gestarétti Húnavatnssýslu, var kveðinn upp dómur nefnds réttar 1. marz 1900, þannig að áfrýjandi var dæmdur til að greiða Ólafi Ólafssyni 1000 kr. sem atborgun jarðarverðsins fyrir Steiná, auk vaxta; lét dómhafi síðan fullnægja dómnum með fjárnámsgjörð; var ýmiskonar gangandi peningur, sauðfé og stórgripir, tilheyrandi áfrýjanda, tekinn fjárnámi, og var peningur þessi síðan seldur á opinberu uppboði 29. maí 1900 og seldist hann fyrir 1099 kr. 60 a. Gestaréttardómnum, fjárnámsgjörðinni og uppboðsgjörðinni var áfrýjað til landsyfirdómsins, og með dómi þessa réttar, uppkveðnum 11. febr. 1901, var gestaréttardómnum hrundið, og fjárnámsg og uppboðsgjörðirnar feldar úr gildi, og Ólafur Ólafsson skyldaður til þess að skila áfrýjanda uppboðsandvirðinu 1099 kr. 60 a. Þessum landyfírréttardómi var síðan veitt fullnusta fyrir fíðgetarétti Húnavatnssýslu 4. júlí 1901 á þann veg, að málsaðilar gjörðu fyrir réttinum sátt um greiðslu dómsupphæðarinnar og kostnaðar, og verður eigi annað séð af skýrslum málsins, en að sátt þessari hafi verið fullnægt. Þó að áfrýjandi þannig hafi fengið aftur áðurgreint uppboðsandvirði, 1099 kr. 60 a., þykist hann hafa orðið fyrir meiri halla við uppboðið 29. maí 1900, og metur hann þann skaða sinn 1000 kr., og er það skaðabótakrafa hans í þessu máli.

Þessa sömu skaðabótakröfu bar áfrýjandi fram fyrir yfirdóminn í máli, er dæmt var þar 11. febr. 1907, og orðaði hann þá kröfuna þannig, að hann heimtaði þætur

eftir mati dómkvaddra manna, eða með ákveðinni upphæð 1000 kr., eða eftir mati yfirdómsins, auk endurborgunarinnar á kr. 1099,60«. Um þessa kröfu segir svo í nefndum yfirréttardómi, að »frekari skaðabætur (3: auk endurborgunarinnar 1099 kr. 60 a.) verði áfryjanda aftur á móti eigi dæmdar, með því að hann hefir eigi fært sönnur á, að hann hafi beðið neitt tjón við gjörðir þessar«. Um fullnæging þessa landsyfírréttardóms gjörðu málsaðilar síðan fógætaréttarsættina 4. júlí 1901, eins og áður er sagt. Með þessum gjörðum, yfirréttardómnum og fógætaréttarsáttinni, er þetta skaðabótamál málsaðilanna að fullu og öllu til lykta leitt, og getur áfryjandi eigi nú, mörgum árum síðar, tekið það upp aftur, og verður því að fallast á það, að stefndi hefir með gæstaréttardómnum verið sýknaður af þessari kröfu áfryjanda.

Þá hefir áfryjandi krafist þess, að hann verði dæmdur laus við þá skyldu að greiða stefnda landskuld og leigur af Steiná fyrir árið 1899—1900, að upphæð 161 kr. 72 a. Það er þó viðurkennt að hann hafi búið á jörðinni þetta fardagaár, og að hann hafi ekkert galdið eftir hana, og hann segir sjálfur, að hann hafi boðið Ólafi heitnum eftirgjald eftir Steiná, en Ólafur hafi eigi viljað þiggja það. Með þessu virðist hann hafa viðurkennt skyldu sína að greiða eftirgjaldið einmitt til Ólafs. Þó að hann hafi látið í ljósi, að hið umkrafða eftirgjald sé of hátt eftir ásigkomulagi jarðar og húsa, eins og það á að hafa verið 1890, þá hefir hann eigi farið fram á ákveðna niðurfærslu eftirgjaldsins. Það virðist því eigi verða hjá því komist að dæma áfryjanda til að greiða nefnt eftirgjald jarðarinnar með þeirri upphæð, sem stefndi hefir heimtað og áður er tilgreint.

Samkvæmt framansögðu verður að staðfesta gestaréttardóminn, bæði aðalefni hans og málskostnaðarákvæðið, sem eigi þykir athugasvert. En eftir þessum úrslitum getur áfrýjandi eigi komist hjá því að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 30 krónur.

### Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn skal vera óraskaður. Áfrýjandi Sigfús Pétursson greiði stefnda skiftaráðandanum í Húnavatnssýslu fyrir hönd dánarbús Ólafs Ólafssonar frá Háagerði, málskostnað fyrir yfirdómi að upphæð 30 krónur.

Dómi þessum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 18. janúarmánaðar.

Nr. 55/1908:

Réttvísni

gegn

Jóhanni Guðmundssyni.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Vestmanneyjasýslu, uppkevðnum 2. okt. f. á., var hinn ákærði, vinnumaður Jóhann Guðmundsson í Garðstöðum í Vestmanneyjum, dæmdur fyrir